

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. september 2021
UST202109-113/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – endurskoðun íbúðabyggðar – Borg í Grímsnesi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun deiliskipulags þéttbýlisins á Borg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á lagfæringar vegna breyttra aðstæðna og áherslna varðandi fjölbreytni í íbúðagerð. Lóðamörkum óbyggðra lóða og skilgreiningu byggingarreita er breytt ásamt því að göngustígakerfi þorpsins er uppfært, gangbrautum bætt við og útivistarsvæði stækkuð.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur